

s a f n a r á ð

t h e m u s e u m
c o u n c i l
o f i c e l a n d

Upplýsingahefti fyrir söfn
vegna umsókna í safnasjóð 2012

Efnisyfirlit

1. Almennt um styrki úr safnasjóði	2
2. Verkefnastyrkir úr safnasjóði.....	3
3. Rekstrarstyrkir úr safnasjóði	4
3.1 Útreikningur upphæðar rekstrarstyrks úr safnasjóði 2011	7
3.1.1 Heildarlaunakostnaður	8
3.1.2 Úthlutun og úthlutunarþrep:	8
3.1.3 Úthlutun rekstrarstyrkja úr safnasjóði 2012:.....	10
3.1.4 Þjónustusamningar - hækkun rekstrarstyrkja vegna þjónustusamninga safns við önnur söfn/setur/sýningar/aðra starfsemi á sviði safnastarfs	12
4. Um stofnskrár/skipulagsskrár safna	15
4.1 Hvað er stofnskrá	15
4.2 Staðfesting stofnskrár.....	15
4.3 Innihald stofnskrár	15
5. Um söfnunar- og sýningarstefnu, faglega skráningu og fleira.	16

1. Almennt um styrki úr safnasjóði

Safnaráð úthlutar styrkjum til safna úr safnasjóði á grundvelli [laga nr. 106/2001](#). Í fjórðu grein laganna segir:

“Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að **safna** heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, **standa vörð** um þær, **rannsaka**, **miðla** upplýsingum og hafa þær **til sýnis** svo að þær **megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar**.”

Söfn sem heyra undir 4. grein [safnalaga nr. 106/2001](#) geta sótt um **verkefnastyrki** í safnasjóð.

Skv. þessari grein verður safnið að vera opið almenningi og starfsemi þess verður að fela í sér söfnun, varðveislu, rannsóknir og miðlun, m.a. með sýningum.

Til að geta sótt um **rekstrarstyrk** í safnasjóð verður safnið einnig að uppfylla skilyrði sem getið er um í 10. grein safnalaga, og eru nánar útfærð í úthlutunarreglum safnaráðs. Í 10. gr. safnalaga kemur meðal annars fram að til að eiga kost á rekstrarstyrk úr safnasjóði verður safn að hafa tryggðan fjárhagsgrundvöll, þ.e. geta borið sig án aðkomu rekstrarstyrkja úr sjóðnum, sem því eru hugsaðir sem viðbót við tryggðan fjárhagsgrundvöll.

Söfn sem hljóta rekstrarstyrk beint á fjárlögum án umfjöllunar hinna faglegu sjóða, í þessu tilfalli safnasjóðs, skulu ekki hljóta rekstrarstyrki úr safnasjóði sama ár. Þessi regla er tilkynnt þegar auglýst er eftir umsóknum.

Safnaráð veitir ekki húsnæðisstyrki en skv. 11. grein safnalaga geta stjórnendur safns sem uppfyllir skilyrði laganna um rekstrarstyrk, sbr. 10. gr., átt kost á styrk úr ríkissjóði til kaupa eða nýsmíðar húsnæðis. Þarf þá til samþykki safnaráðs á húsnæðinu og stofnkostnaði. Styrkur þessi getur numið allt að einum þriðja hluta kostnaðar. Umsókn skal senda til Skrifstofu menningarmála hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, sem í framhaldi óskar eftir umsögn safnaráðs áður en ákvörðun er tekin um styrk. Umsókn um húsnæðisstyrk þarf að fylgja lýsing (og myndir/teikningar) af húsnæði og kostnaðaráætlun.

Athuga ber að höfuðsöfn (Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands) og önnur söfn sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði. Samkvæmt [verklagsreglum safnaráðs](#) eru áherslur við styrkveitingar eftirfarandi:

- Að beina styrkveitingum úr safnasjóði að skilgreindum verkefnum á sviði minja- og listasafna í safnastarfi.
- Að beina styrkveitingum að verkefnum á sviði safnamála sem gagnast mega söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, fræðslu- og miðlunarhlutverki safna.
- Að beina styrkveitingum í verkefni sem stuðla að auknu samstarfi safna og fagmennsku í safnastarfi.

- Við úthlutun úr safnasjóði tekur safnaráð tillit til fjárhagslegrar stöðu safns og tekjumöguleika almennt.

2. Verkefnastyrkir úr safnasjóði

Söfn þurfa að uppfylla skilyrði 4. greinar safnalaga til að fá verkefnastyrki úr safnasjóði. Safnið getur lagt fram ársskýrslu og greinargerðir síðasta árs til að gera grein fyrir því hvernig starfsemi safnsins kemur inn á alla þætti sem nefndir eru í 4. grein þ.e.:

Stofnunin er opin almenningi og starfsemin felur í sér eftirfarandi (skv. skilgreiningum og mati safnaráðs):

- Söfnun (skv. skilgreindri söfnunarstefnu)
- Varðveislu (vönduð forvarsla og trygg varðveisla)
- Rannsóknir (á safnkosti, gerð, uppruna/tilurð hans og umhverfi)
- Miðlun (á safnkosti og/eða upplýsingum um hann)
- Sýningar

Skv. [úthlutunarreglum safnaráðs](#) er styrkjum úthlutað til eftirtalinna verkefna (bent er á að söfn geta einnig sótt sameiginlega um styrk til vel skilgreindra samstarfsverkefna):

1. Stefnumótun á sviði safnastarfs.
2. Skráningarverkefna.
3. Rannsókna á vegum safna.
4. Öryggismála safna.
5. Til varðveislumála.
6. Fræðsluverkefna.
7. Sýninga.
8. Markaðssetningar.
9. Forvörslu.
10. Merkingu safna utanhúss og innan.
11. Endurmenntunar og sérmenntunar starfsmanna safns.
12. Til annarra verkefna en hér eru talin og safnaráð metur styrkhæf .

Samráðsverkefni safna um öll ofangreind atriði eru styrkhæf og eru af safnaráði talin geta leitt til aukinnar og árangursríkrar samvinnu safna.¹

¹ Aukin samvinna safna og stofnana í safnastarfi er eitt af mikilvægustu markmiðum safnastarfs á Íslandi skv. Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008, útgefin af menntamálaráðuneyti 2003.

3. Rekstrarstyrkir úr safnasjóði

Til að eiga kost á rekstrarstyrkjum úr safnasjóði þurfa söfn sem uppfylla skilyrði 4. greinar safnalaga jafnframt að uppfylla skilyrði samkvæmt 10. gr. laganna.

Til þess að koma til greina við úthlutun rekstrarstyrks þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði skv. safnalögum nr. 106/2001 og úthlutunarreglum safnasjóðs.

Skilyrði sem safn þarf að uppfylla skv. 4. og 10. gr. safnalaga nr. 106/2001, til þess að geta átt kost á rekstrarstyrk úr safnasjóði

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag
2. Safninu skal vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
3. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs
4. Safnið skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti
5. Safnið skal rekið faglega að mati safnaráðs
6. Fjárhagsgrundvöllur safns skal vera tryggður
7. Safnið sendi með umsókn sinni
 - a. Ársskýrslu
 - b. Ársreikning
 - c. Söfnunar- og sýningarstefnu.
 - d. Rekstrar- og verkefnaáætlun í upphafi hvers árs.
8. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
9. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
10. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi
11. Beitt skal viðurkenndum aðferðum við forvörslu muna
12. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna, birtar af ICOM, alþjóðaráði safna.

Skilgreiningar á hugtökum og leiðbeiningar um kröfur safnaráðs til safna sem sækja um rekstrarstyrk úr safnasjóði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag.
 - a. Safn er skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra undir eigin nafni.
 - b. Safn er skráð í fyrirtækjaskrá sem **ISAT-2008 91.01.0 Starfsemi safna**.
 - c. Safn hefur eigin kennitölu (undanþága er ef safnið hefur sjálfstæðan fjárhag en nýtir kennitölu sveitarfélags sem er eigandi þess).
 - d. Safn hefur eigin rekstrarreikning sem er endurskoðaður af löggiltum aðila (ef rekstrarreikningur er sameiginlegur með sveitarfélagi sem er eigandi safnsins skulu færslur safnsins teknar út og sendar safnaráði staðfestar af bókara sveitarfélagsins með undirritun hans).
2. Safninu skal vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
3. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs.
 - a. . Stofnskrá safnsins skal send safnaráði til staðfestingar, hún skal vera undirrituð af stjórn safnsins og með henni skal fylgja bæði stefna safnsins til fjögurra ára sem og söfnunar- og sýningarstefna safnsins.

- b. Stofnskráin er staðfest í tveimur samhljóða frumeintökum og skal annað varðveitt hjá safnaráði en hitt hjá safninu.
 - c. Leiðbeiningar um innihald stofnskráa er að finna á heimasíðu safnaráðs.
 - d. Verði breytingar gerðar á stofnskrá safns skal safn sækja að nýju um staðfestingu safnaráðs.
4. Safnið skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
- a. Stefnu safnsins skal senda safnaráði.,
 - b. Safn skal endurskoða heildarstefnu á að minnsta kosti fjögurra ára fresti.
 - c. Stjórn safnsins skal samþykkja stefnu þess.
 - d. Í stefnu komi fram að safn, safnstjóri og stjórn fylgi safnalögum og alþjóðlegum siðareglum safna eins og þær eru birtar af ICOM, alþjóðaráði safna.
 - e. Stefna safns skal vera í samræmi við hlutverk og markmið þess skv. stofnskrá og í samræmi við siðareglur ICOM, alþjóðaráðs safna.
5. Safnið skal rekið faglega að mati safnaráðs.
- Við mat á faglegri starfsemi safna horfir safnaráð til margra þátta, vegur þá og metur og skoðar í víðu samhengi. Eftirfarandi listi yfir þætti sem safnaráð horfir til er ekki tæmandi:
- a. Er menntun/reynsla safnstjóra á starfssviði safnsins?
 - b. Er faglegt sjálfstæði safnsins tryggt?
 - c. Hvar liggur áhersla safnsins?
 - d. Hvaða rannsóknir fara fram á vegum safnsins? Eru rannsóknir faglega unnar?
 - e. Hver er fjöldi starfsmanna safnsins?
 - f. Fylgir safnið söfnunarstefnu sinni?
 - g. Sinnir safnið innra starfi safnsins faglega?
 - h. Hafa orðið breytingar, jákvæðar eða neikvæðar, á starfsemi safnsins síðastliðin ár?
 - i. Hver er aðbúnaður safngripanna?
 - j. Hverjar eru fjárhagslegar forsendur safnsins?
 - k. Er safnið í samstarfi við önnur söfn?
 - l. Er safnið í samstarfi við háskóla?
 - m. Er safnið aðili að ICOM?
6. Fjárhagsgrundvöllur safns skal vera tryggður
- a. Söfn skulu sýna fram á tryggðan fjárhagsgrundvöll (a.m.k. tryggð 50% staða forstöðumanns) óháð safnasjóði.
 - b. Endurskoðaður ársreikningur skal vera til staðar.
7. Safnið sendi með umsókn sinni:
- a. Ársskýrslu þar sem fram kemur:
 - i. Hvernig opnunartíma safnsins var háttað.
 - ii. Aðstaða safnsins (húsakostur, endurbætur, viðgerðir, viðbætur...).
 - iii. Fjöldi safngesta.
 - iv. Fjöldi sýninga og atburða.
 - v. Staða skráningar, t.d. hve stór hluti safnsins er skráður.
 - vi. Umfang safnkosts og ný aðföng.
 - vii. Önnur veitt þjónusta.

- viii. Rannsóknir á vegum safnsins.
 - b. Ársreikningur.
 - i. Ársreikningur er á nafni safns og kennitölu og er endurskoðaður af löggiltum aðila.
 - ii. Ársreikningur standist lög nr. 134/2006 um ársreikninga: <http://www.althingi.is/lagas/134/2006003.html>.
 - iii. Mælst er til þess að söfn miði rekstrarár við áramót.
 - c. Rekstrar og verkefnaáætlun í upphafi hvers árs.
 - i. Áætlun skilist fyrir 20. janúar ár hvert, undirrituð af stjórn safnsins og forstöðumanni.
 - ii. Áætlunin sé í samræmi við stofnskrá og í samræmi við stefnu til fjögurra ára.
 - d. Söfnunar- og sýningarstefnu.
 - i. Söfnunarstefna skal vera samþykkt af stjórn safnsins og forstöðumanni og skal birta hana opinberlega t.d.á vefsíðu safns.
 - ii. Söfnunarstefna skal vera í samræmi við stofnskrá safnsins, stefnu þess til fjögurra ára og í samræmi við siðareglur ICOM.
- 8. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
- 9. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu í samræmi við 4. gr. og 10. gr. Safnalaga, eftir því sem við verður komið.
- 10. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
 - a. Safnið skal uppfylla kröfur viðkomandi höfuðsafns um viðurkennda skráningu.*
- 11. Beitt skal viðurkenndum aðferðum við forvörslu muna.
 - a. Safnið skal uppfylla kröfur viðkomandi höfuðsafns um faglega forvörslu.*
- 12. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna, birtar af ICOM, alþjóðaráði safna.
 - a. Aðild safns að Íslandsdeild ICOM telst full staðfesting á því að safn uppfylli siðareglur alþjóðaráðsins. Safnaráð mælist því til þess að söfn sem þiggja styrk úr safnasjóði gerist aðilar að ICOM í gegnum Íslandsdeild ICOM.
 - b. Safnaráð getur gert kröfur á söfn um að þau uppfylli þau lágmarksviðmið sem fram koma í siðareglum ICOM, sé viðkomandi safn ekki aðili að þeim samtökum.
 - c. Aðild forsvarsmanna safnsins að ICOM er æskileg að mati safnaráðs. (ATH ekki safnstjórnar, slíkar stjórnir eru oft pólitískar)..

* Ath! Safnaráð hefur að viðmiði kröfur höfuðsafna hvað skráningu og forvörslu varðar.

3.1 Útreikningur upphæðar rekstrarstyrks úr safnasjóði 2012

Þegar safnaráð hefur metið rekstrarstyrkhæfi safns skv. 4. og 10. gr. safnalaga kemur að útreikningi upphæðar rekstrarstyrks. Undanfarin ár hefur safnaráð miðað við rekstrarumfang (heildarupphæð til reksturs) við flokkun safna í styrkþrep.

Ákveðið var fyrir úthlutun 2008 að miða flokkun safna í styrkþrep við launakostnað safns eins og hann birtist á ársreikningi safnsins.² Litið er til þáttar launakostnaðar sérstaklega þar sem safnaráð telur nýtingu sérhæfðs mannauðs á söfnum mikilvægan grundvallarþátt í starfsemi safna og eina af forsendum faglegs safnastarfs og uppbyggingar.

FORSENDUR AÐFERÐAR VIÐ ÚTREIKNING STYRKUPPHÆÐA:

- Styrkir úr safnasjóði verða miðaðir við heildarlaunakostnað safnsins
- Byggt er á endurskoðuðum ársreikningi safns
- Heildarlaunakostnaður uppfærist árlega í samræmi við launaþróun
- Úthlutun verður í nokkrum þrepum eftir umfangi launakostnaðar

ÁVINNINGUR

- eykur sýnileika safna sem atvinnuskapandi stofnana
- eykur sjálfstæði safnsins gagnvart öðrum stofnunum
- eykur líkur á því að safnstjóri gegni fullri launaðri stöðu hjá safninu
- eykur líkur á því að fleiri launaðir starfsmenn verði ráðnir hjá safninu
- hvetur til samstarfs milli safna og minjastaða á sama svæði
- söfn geta sjálf fyrirfram staðsett sig í styrkþrep út frá launakostnaði (gagnsæi)

² Er það í samræmi við þá aðferð sem þjóðminjaráð nýtti við styrkveitingar til safna skv. gömlu þjóðminjalögnum (lög nr. 88/1989), en gert var þá ráð fyrir að þjóðminjaráð greiddi hálf laun forstöðumanns á safni úr ríkissjóði.

3.1.1 Heildarlaunakostnaður

Við ákvörðun lágmarkslaunakostnaðar eru hafðar til viðmiðunar launatöflur Fræðagarðs, hjá ríki og hjá bæjarfélögum og heildarmeðallaun þeirra félaga í Fræðagarði sem unnu á söfnum.

Á árinu 2010 (ársreikningur safns fyrir 2010 fylgi umsókn í safnasjóð vegna 2012) voru lágmarkslaun skilgreind þannig:

lágmarkslaun eins starfsmanns (safnstjóra): **407.000 kr.** á mánuði fyrir 100% starf
lágmarkslaun viðbótar ársverka³: **342.000 kr.** á mánuði fyrir eitt 100% starf⁴

Á ársgrundvelli er um að ræða (með launatengdum gjöldum sem eru 25% ofan á launakostnað):

lágmarkslaunakostnaður eins starfsmanns (safnstjóra): **6.105.000 kr.**⁵ á ári fyrir 100% starf
lágmarkslaunakostnaður eins stm. (safnstj.) í 50% starfi: **3.053.000 kr.** á ári fyrir 50% starf
lágmarkslaunakostnaður viðbótar ársverka: **5.130.000 kr.**⁶ á ári fyrir 100% starf
lágmarkslaunakostnaður 2ja starfa (safnstj. + stm.): **11.235.000 kr.** á ári fyrir 2 störf

3.1.2 Úthlutun og úthlutunarþrep:

Til að eiga kost á styrkjum úr safnasjóði þurfa söfn að senda inn staðfestar upplýsingar um starfshlutfall safnstjóra og annarra starfsmanna og heildarlaunagreiðslur safnsins í endurskoðuðum ársreikningi fyrir viðmiðunarárið (sem er ársreikningur 2010 vegna úthlutunar 2012). Ársreikningur skal endurskoðaður af löggiltum aðila.

Á árinu 2008 var úthlutað í eftirfarandi þrepum:

Flokkun í þrep		Forsendur fyrir flokkun í þrep			
þrep	Styrkuppþæð 2008	Starfshlutfall forstöðumanns	Laun forstöðumanns	Laun önnur ársverk	Launakostnaður alls
I	500 þús. kr.	50%	2.550.000 kr.	0 kr.	2.550.000 kr.
II	1.500 þús. kr.	100%	5.100.000 kr.	0 kr.	5.100.000 kr.
III	2.000 þús. kr.	100%	5.100.000 kr.	2.175.000 kr.	7.275.000 kr.
IV	2.500 þús. kr.	100%	5.100.000 kr.	4.350.000 kr.	9.450.000 kr.

Söfn sem lentu í I eða II þrepi skv. nýrri flokkun fengu úthlutað eftir sama kerfi og 2007 til aðlögunar (styrkuppþæð var þó uppfærð)

Flokkun í þrep skv. 2007			Forsendur fyrir flokkun í þrep
þrep	Styrkuppþæð 2007	Styrkuppþæð 2008	Rekstrarkostnaður safns alls
I	1.000 þús. kr.	1.050 þús. kr.	Að 4.999 þús. kr.
II	1.500 þús. kr.	1.600 þús. kr.	5,0 -9,999 þús. kr.
III	1.600 þús. kr.	1.700 þús. kr.	10,0 og yfir þús. kr.

³ Eitt ársverk jafngildir einu 100% stöðugildi á ársgrundvelli. Nokkrir starfsmenn í hlutastarfi geta skipt með sér ársverki.

⁴ Hækkun frá fyrra ári er 7% og er þá miðað við launavísitölu opinberra starfsmanna.

⁵ (407.000 kr. * 12) * 1,25 (launatengd gjöld eru 25% ofan á) = 6.105.000 kr.

⁶ (342.000 kr. * 12) * 1,25 (launatengd gjöld eru 25% ofan á) = 5.130.000 kr.

Á árinu 2009 var úthlutað í eftirfarandi þrepum:

Þrep	Laun safnstjóra (amk)	Fjöldi annarra ársverka	Laun önnur ársverk (amk)	Launakostnaður alls (amk)	Rekstrarstyrkur 2009
I	2 550.000 kr.	Ekki tekin inn í útreikning	0 kr.	2.550.000 kr.	1600 þús. kr. 2350 þús. kr.
II	5 220.000 kr.	0	0 kr.	5.220.000 kr.	
III	5 220.000 kr.	0,5 til 0,99	2.227.500 kr.	7.447.500 kr.	
IV	5 220.000 kr.	1 til 1,99	4.455.000 kr.	9.675.000 kr.	
V	5 220.000 kr.	2 til 3,99	8.910.000 kr.	14.130.000 kr.	
VI	5 220.000 kr.	4+	17.820.000 kr.	23.040.000 kr.	

Á árinu 2010 var úthlutað í eftirfarandi þrepum. (Söfn sem hlutu rekstrarstyrki á fjárlögum árið 2010 hlutu lækkaðan rekstrarstyrk úr safnasjóði á árinu (500 þús. kr.)

Þrep	Laun safnstjóra (amk)	Fjöldi annarra ársverka	Laun önnur ársverk (amk)	VIÐMIÐ SAFNARÁÐS Launakostnaður alls (amk)	Upphæð rekstrarstyrks*
I Minni söfn	a) 2 662.500 kr. b) 5.325.000 kr. c) 5.325.000 kr.	Ekki tekin inn í útreikning 0 0,5 - 0,99	0 kr.	2.662.500 kr.	1.000 þús. kr.
II Stærri söfn	5 325.000 kr.	1 eða fleiri	4.545.000 kr.	9.870.000 kr.	1.500 þús. kr.
III Sameinuð söfn	5 325.000 kr.	1 eða fleiri Á 2 eða fl. aðskildum starfsstöðvum.	4.545.000 kr.	9.870.000 kr.	3.000 þús. kr.

Á árinu 2011 var úthlutað í eftirfarandi þrepum. (Söfn sem hlutu rekstrarstyrki á fjárlögum árið 2011 hlutu ekki rekstrarstyrk úr safnasjóði á árinu og söfn sem náðu ekki lágmarksviðmiðum launa dattu út (sjálfbóðaliðastarf var tekið til greina allt að 30% af lágmarksviðmiðum launa, þau söfn sem treystu á sjálfbóðastarf en náðu ekki amk 70% af lágmarksviðmiðum dattu því út).

Prep	Laun safnstjóra (amk)	Fjöldi annarra ársverka	Laun önnur ársverk (amk)	VIÐMIÐ SAFNARÁÐS Launakostnaður alls (amk)	Rekstrarstyrkur 2011
I Minni söfn	a) 2.850.000 kr. b) 5.700.000 kr. c) 5.700.000 kr.	Ekki tekin inn í útreikning 0 0,5 - 0,99	0 kr.	2.850.000 kr.	1.000.000 kr.
II Stærri söfn	5 700.000 kr.	1 eða fleiri	4.800.000 kr.	10.500.000 kr.	1.500.000 kr.
III Sameinuð söfn	5 700.000 kr.	1 eða fleiri Á 2 eða fl. aðskildum starfsstöðvum.	4.800.000 kr.	10.500.000 kr.	3.000.000 kr.

3.1.3 Úthlutun rekstrarstyrkja úr safnasjóði 2012:

Á árinu 2012 verður rekstrarstyrkjum úthlutað í þremur þrepum eftir umfangi launakostnaðar í rekstri safnsins. Safnaráð hefur tilkynnt í auglýsingu að verkefnastyrkir muni hækka á kostnað rekstrarstyrkja á árinu 2012. Þó munu rekstrarstyrkir enn skipa meginhluta styrkja úr safnasjóði í samræmi við verklagsreglur ráðsins. Hafa verður í huga að eins og fram kemur í úthlutunarreglum ráðsins fara styrkuppþæðir eftir fjárveitingu og fjölda umsókna ár hvert og því er ekki unnt að tilgreina þær fyrirfram.

Prep I

Undir prep I falla:

- Söfn sem hafa safnstjóra í 50% starfi á lágmarkslaunum eða hærri (þrátt fyrir að um aðra launaða starfsmenn sé að ræða).
- Söfn sem hafa safnstjóra í 100% starfi á lágmarkslaunum eða hærri.
- Söfn sem hafa safnstjóra í 100% starfi á lágmarkslaunum eða hærri og að auki 0,5 – 0,99 önnur ársverk⁷ samanlagt á lágmarkslaunum eða hærri.

⁷ Skilgreining á ársverki er að starfið sé unnið á vegum safnsins, undir stjórn safnstjórans og í samræmi við hlutverk safns samkvæmt samþykktu stofnskrá. Til ársverka á safni teljast ekki störf sem falla utan ramma safns, s.s. störf á sviði sem safnið heyrir undir eða við stærri menningar- eða stjórnsýslustofnanir sem safnið er hluti af.

Þrep II

Undir þrep II falla söfn sem hafa safnstjóra í 100% starfi á lágmarkslaunum eða hærri og að auki 1 eða fleiri önnur ársverk í 100% launuðu starfi samanlagt á lágmarkslaunum eða hærri.

Þrep III

Söfn sem falla undir þrep II en hafa sameinast nýverið (sl. 2 ár). Safnið hafi eina höfuðstöð og jafnframt eina eða fleiri aðskildar starfsstöðvar með starfsfólki.⁸

Athuga ber að um viðmiðunartölur er að ræða.

Athugið – varðandi breytt starfshlutfall:

Úthlutun úr safnasjóði byggir á upplýsingum um starfsemi safns tveimur árum áður, þannig er úthlutun úr safnasjóði árið 2011 byggð á upplýsingum um starfsemi safnsins árið 2009. Því er söfnum sem auka starfshlutfall safnstjóra úr hlutastöðu í fulla stöðu á því ári sem þá er að ljúka (árið 2009 miðað við úthlutun úr sjóðnum árið 2010) gefinn kostur á að senda staðfestingu launagreiðanda á auknu starfshlutfalli til safnaráðs í síðasta lagi 10. janúar 2011. Þá mun verða tekið tillit til aukins starfshlutfalls við úthlutun úr safnasjóði árið 2011 enda eru heildarlaunagreiðslur safnsins skv. endurskoðuðum ársreikningi yfir þeim lágmarkum sem safnaráð miðar við. Fari starfshlutfall safnstjóra niður fyrir 100% milli ára skal safn viðhafa sömu vinnubrögð en verði að öðrum kosti endurgreiðsluskýlt við safnasjóð.

Í töflunni hér fyrir neðan má staðsetja safn í styrkþrep 2012 miðað við heildarlaunakostnað safns (skv. ársreikningi 2010):⁹

Þrep	Laun safnstjóra (amk)	Fjöldi annarra ársverka	Laun önnur ársverk (amk)	VIÐMIÐ SAFNARÁÐS Launakostnaður alls (amk)
I Minni söfn	a) 3.053.000 kr. b) 6.105.000 kr. c) 6.105.000 kr.	Ekki tekin inn í útreikning 0 0,5 - 0,99	0 kr.	3.053.000 kr.
II Stærri söfn	6.105.000 kr.	1 eða fleiri	5.130.000 kr.	11.235.000 kr.
III Sameinuð söfn	6.105.000 kr.	1 eða fleiri Á 2 eða fl. aðskildum starfsstöðvum.	5.130.000 kr.	11.235.000 kr.

** Eins og fram hefur komið er ekki unnt að tilgreina styrkuppþæðir rekstrarstyrkja úr safnasjóði fyrirfram þar sem styrkuppþæðir eru háðar fjárveitingu í sjóðinn og fjölda styrkhæfra umsækjenda.*

Ath! Samkvæmt endurskoðuðum úthlutunarreglum safnasjóðs munu söfn sem hljóta rekstrarstyrk beint á fjárlögum án umfjöllunar hinna faglegu sjóða, í þessu

⁸ Þrep III, sameinuð söfn, er nýmæli og er innleitt í framhaldi af athugasemdum Ríkisendurskoðunar um reikniadóferð safnaráðs við útreikning rekstrarstyrkja. Sjá: Íslensk muna- og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé. Skýrsla til Alþingis. Ríkisendurskoðun, maí 2009, bls. 38.

⁹ Athuga ber að um viðmiðunartölur er að ræða.

tilfelli safnasjóðs, ekki hljóta rekstrarstyrk úr safnasjóði sama ár. Þessi regla er tilkynnt í auglýsingu um styrkumsóknir fyrir árið 2012.

3.1.4 Sjálfboðastarf á safni

Tekið er tillit til sjálfboðastarfs á safni þegar litið er til lágmarkslaunakostnaðar. Sjálfboðastarf getur þó ekki komið í stað meira en 30% af lágmarkslaunakostnaði. **Safn sem greiðir 70% af lágmarkslaunakostnaði og nýtur aðstoðar sjálfboðaliða sem nemur amk. 30% af lágmarkslaunakostnaði á því kost á styrkjum.** Safn sem greiðir undir 70% af lágmarkslaunakostnaði þrátt fyrir umtalsvert sjálfboðastarf á því ekki kost á rekstrarstyrk úr safnasjóði.

Ástæða þessa er sú að safnaráð telur að til frambúðar geti viðurkennt safn (viðurkennt skv. lögum) sem nýtur styrkja úr ríkissjóði í ljósi faglegra aðferða ekki treyst að miklu eða öllu leyti á sjálfboðastarf þegar kemur að því að halda uppi faglegu safnastarfi. Reynsla og þekking á faglegu safnastarfi krefst sérþekkingar, menntunar og endurmenntunar. Ábyrgð á faglegu starfi safns er umtalsverð auk þess sem huga þarf að framþróun safnsins í takt við nýjar hugmyndir og aðferðir. Eðlilegt er að slíkt ábyrgðarstarf sem byggist á sérþekkingu og þróun sé launað. Þá er reglan sú að rekstrarstyrkur safns er að meginhluta nýttur til launakostnaðar sem ekki er til staðar þar sem sjálfboðastarf er grunnur starfseminnar.

3.1.5 Þjónustusamningar - hækkun rekstrarstyrkja vegna þjónustusamninga safns við önnur söfn/setur/sýningar/aðra starfsemi á sviði safnastarfs

Árið 2009 tók safnaráð upp á þeirri nýbreytni að veita 100 þús. kr. hækkun á rekstrarstyrk safns fyrir hvern gildan þjónustusamning sem safnið hefur við annað safn/setur/sýningar og aðra starfsemi á sviði safnastarfs. Markmið þessara styrkja er að stuðla að samvinnu safna og stofnana í safnastarfi á hverju svæði/sviði.¹⁰

Um sambærilega hækkun rekstrarstyrkja vegna þjónustusamninga verður að ræða á árinu 2012.¹¹

Um þjónustusamninga milli safna og stofnana í safnastarfi:

Markmið:

Það er hagsmunamál þjóðarinnar að íslensk söfn séu öflugar varðveislu- og fræðastofnanir sem stundi öflugar rannsóknir og miðlun með áherslu á fræðslu

¹⁰ Aukin samvinna safna og stofnana í safnastarfi er eitt af mikilvægustu markmiðum safnastarfs á Íslandi skv. Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008, útgefin af menntamálaráðuneyti 2003.

¹¹ Hækkun rekstrarstyrks safns vegna hvers þjónustusamnings safnsins við aðra stofnun í safnastarfi er talin af ríkisendurskoðun falla vel að hugmyndum um aukið samstarf safnastofnana og hlutverk safnaráðs að stuðla að því. Sjá: Íslensk muna- og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé. Skýrsla til Alþingis. Ríkisendurskoðun, maí 2009, bls. 38.

og þekkingu á sögu, náttúru og listum. Mikilvæg forsenda þess er að söfnin og faglegt starf þeirra eflist. Samvinna stofnana í safnastarfi gegnir lykilhlutverki í því samhengi

Ávinningur:

Tryggja þarf hagsmuni beggja aðila sem koma að samningnum, óháð stærð þeirra. Hugsunin er sú að styrkja stöðu viðurkenndra safna (skv. safnalögum) sem leiðandi stofnana á sviði menningararfs á sínu svæði og jafnframt að tryggja smærri, fjárveikum stofnunum faglegt starf og áframhaldandi starfsemi.

Safn gerir þjónustusamning við setur/sýningu/félagasamtök í safnastarfi í því skyni að veita þeim aðila faglega leiðsögn og nýta þá sérþekkingu sem er til staðar á safninu um alla þætti safnastarfs.

Setur/sýningar/félagasamtök í safnastarfi gera þjónustusamning við safn til að tryggja faglegt safnastarf og til að samnýta krafta og þekkingu sem eru til staðar á þessu sviði.

Samningsaðilar:

Aðilar sem viðurkennt safn gerir þjónustusamning við geta verið opinberar stofnanir, sjálfseignarstofnanir eða félagasamtök sem m.a. varðveita minjar sem eru aðgengilegar almenningi daglega í a.m.k. 3 mánuði á ári, í samræmi við safnalög.

Í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) getur einkaaðili ekki verið aðili þjónustusamnings og tryggt skal að arður af starfseminni, ef einhver er, renni óskiptur til varðveislu og viðhalds minjanna.

Samvinnan:

Í samningnum komi skýrt fram um hvað samvinnan snýst. Samvinna snýst um faglegt starf og miðar að því að tryggja faglegt safnastarf, e grunnstarfsemi safna er, í samræmi við 4. gr. safnalaga nr. 106/2001: söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun minjaarfsins.

Í samningnum skal sjálfstæði beggja samningsaðila tryggt.

Umsóknir í safnasjóð:

Forsvaraðili (viðurkennt safn) sendir einn umsókn í safnasjóð auk afrits af þjónustusamningum og endurskoðuðum ársreikningi, Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um eðli og starf þeirrar sýningar/seturs sem safnið gerir þjónustusamning við.

Samningi sagt upp:

Í samningnum þarf að vera ákvæði sem greinir frá hvernig samningnum er sagt upp. Gera þarf grein fyrir því í samningnum hvað verði um safneignina og

skráningu hennar ef samstarfinu verði slitið. Tryggt skal að minjaarfur lendi ekki í hættu vegna samstarfsslita.

Breytingar á leiðbeiningum safnaráðs

Þessar upplýsingar eru settar fram til leiðbeiningar og áskilur safnaráð sér rétt á því að gera breytingar á þeim ef þurfa þykir. Einnig biður safnaráðs um að fá sendar skriflegar athugasemdir og ábendingar um það sem betur má fara. Hægt er að senda athugasemdir í tölvupósti á safnarad@safnarad.is.

4. Um stofnskrár/skipulagsskrár safna

4.1 Hvað er stofnskrá

Stofnskrá safns er opinber samningur eigenda viðkomandi safns um starfsemi þess og hlutverk. Þar koma fram ýmsar grunnupplýsingar sem varða starfsemi safnsins svo sem um eignarhald safnsins, hlutverk þess, starfssvæði og starfssvið og lagagrundvöll. **Í samræmi við 10. gr. safnalaga nr. 106/2001 er staðfesting safnaráðs á stofnskrá safns skilyrði þess að safn eigi kost á styrkjum úr safnasjóði.**

4.2 Staðfesting stofnskrár

1. Forsvarsmaður safns (safnstjóri eða formaður stjórnar) skal senda formlega beiðni til safnaráðs um staðfestingu stofnskrár. Beiðninni skal fylgja afrit af stofnskrá safnsins undirrituð af eigendum þess eða forsvarsmönnum, stefna safnsins til fjögurra ára og söfnunar- og sýningarstefna þess.
2. Uppfylli stofnskrá skilyrði safnaráðs er stofnskráin staðfest í tveimur samhljóða frumeintökum og skal annað varðveitt hjá safnaráði en hitt hjá safninu.
3. Uppfylli stofnskrá ekki skilyrði safnaráðs mun safnið fá tilkynningu þar um og upplýsingar um hvað þarf að bæta eigi stofnskrá að hljóta staðfestingu safnaráðs.
4. Verði breytingar gerðar á stofnskrá safns skal safn sækja að nýju um staðfestingu safnaráðs.

4.3 Innihald stofnskrár

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í stofnskrá safnsins

1. **Lagaumhverfi** sem safnið starfar í (s.s. safnalög, þjóðminjalög og siðareglur ICOM en skv. 10. gr. safnalaga skal safnið og stjórnendur þess starfa eftir siðareglunum).
2. Skilgreining á **hlutverki** safnsins (í samræmi við 4. gr. og 10. gr. safnalaga), **markmiðum** þess og **rekstri** almennt (í samræmi við 10. gr. safnalaga).
3. Skilgreining á **starfssviði** og **starfssvæði** safnsins. Þessi atriði má útfæra nánar í söfnunarstefnu safnsins
4. Upplýsingar um **eigendur** safnsins, **eignarhlutföll**, **stofnfé** og **rekstrarform** (opinber stofnun eða sjálfseignastofnun (ses)).
5. Hvernig **fjárhagslegur rekstur safnsins verði tryggður**.
6. **Skilyrt er að arður af starfsemi safnsins skal ganga til safnsins sjálfs.**

7. **Safnstjóri:** Ráðning safnstjóra, hlutverk hans, ábyrgð hans, skyldur og umboð.
8. **Stjórn:** Hlutverk stjórnar safnsins (sjá nánari lýsingu hér fyrir neðan), samsetning og kosning stjórnar - hverjir sitja í stjórn safnsins og fulltrúar hverra þeir eru.
9. **Ákvæði um niðurlögn safnsins.** Hvað verður um safneignina ef til þess kemur að safnið verður leyst upp. (Tryggt skal að safneignin eigi ekki á hættu að glatast eða skemmast).

ATH: Hlutverk safnstjóra er:

- Safnstjóri starfar í umboði stjórnar.
- Safnstjóri hefur sjálfstæði til þess að taka ákvarðanir fyrir safnið hvað varðar fjárhag innan samþykks fjárhagsramma, starfsmannamál, söfnun minja, lán á minjum og vinnur í nánum tengslum við stjórn safnsins að stefnumótun.
- Safnstjóri ber ábyrgð á rekstri safns gagnvart stjórn þess.
- Safnstjóri hefur aðgengi að eigenda/eigendum safnsins.
- Safnstjóri gegnir a.m.k. 50% stöðu við safnið og fylgir siðareglum ICOM í samræmi við 10. gr. safnalaga.

ATH: Hlutverk stjórnar safns er að:

- Tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu.
- Tryggja að safnið starfi að lögum.
- Tryggja fjármögnun.
- Tryggja stefnumótun.
- Tryggja sjálfstæði safnsins.
- Tryggja að safnstjóri sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð.
- Stjórn safns fvlair siðareglum ICOM.

Breytingar á leiðbeiningum safnaráðs

Þessar upplýsingar eru settar fram til leiðbeiningar og áskilur safnaráð sér rétt á því að gera breytingar á þeim ef þurfa þykir.

5. Um söfnunar- og sýningarstefnu, faglega skráningu og fleira.

Upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og innihald söfnunar- og sýningarstefnu, faglega skráningu, ásamt leiðbeiningum um ýmsa fleiri þætti safnastarfs er að finna á vefsíðu safnaráðs www.safnarad.is.

Vinsamlegast athugið að upplýsingarnar í þessu hefti eru settar fram með fyrirvara safnaráðs um breytingar.

Safnaráð, Reykjavík, september 2012